

Fundur 15.3.2021 Anna Guðrún Sigurðardóttir frá Keflavík.

Góða kvöldið.

Gott kvöld, góða kvöldið. Velkominn.

Takk fyrir.

Mikið er ég ánægð að ná sambandi. Það hefur verið mér eilíf gleði og undrun að upplifa allt sem hér fyrir augu og eyru ber. Og hefði mér aldrei dottið í hug að þetta sé svona en ekki eins og mér hafði verið kennt.

Mikið undrunarefni og hamingja. Finnst það gríðarleg forréttindi að, fá að tala til ykkar og vera hluti af hinni Íslensku þjóð.

Ef ég væri enn á meðal ykkar myndi ég reyna að vekja athygli jafnaldra minna á, að stofna félög eins og ykkar og reyna að fá sambönd við framliðna. Því það skiptir mjög miklu máli að fá að heyra í okkur sem eru hingað komin.

Hefði mér aldrei dottið í hug að þetta væri með þessum hætti en ekki eins og stendur í Biblíunni eða öðrum trúarritum.

Skil ég ekkert í Íslendingum að sýna þessu ekki meiri áhuga, en það breytist svo margt þegar maður er hingað kominn og allt verður í nýju ljósi.

Já vil ég gjarnan eitthvað fyrir ykkur gera, en er ég tiltölulega nýkominn hingað og er að átta mig á þessu öllu ennþá, gríðarleg hamingja.

Hélt ég að ég annað hvort fengi ekkert framlíf eða yrði andi og þaðan af síður hélt ég að ég myndi aftur fá nýjan líkama, ungann og hraustann, lausann við alla kvilla og það sem ábjátaði.

Sem ég taldi að myndi fylgja mér alla tíð ef ég fengi andlegan líkama.

Hér eru ættingjar og fólk sem ég hafði heyrt af en ekki þekkt. Sem var farið á undan mér. Það er skrítið að vera svona eins og á milli tveggja heima.

Mér finnst ég ennþá hafa tengsl við gömlu jörðina og sakna margra þar.

Sakna margra á Íslandi og hefði viljað lifða lengur en það fór nú svo. En er þó ánægð með það, að lækna þessarar jarðar hafa að fullu læknað sjúkdóma mína.

Finnst mér það furðulegt hversu öflugir lækna þessarar jarðar eru. Og á ég ennþá erfitt með að segja orðin, önnur jörð, ég trúði því ekki í fyrstu að ég væri komin á aðra jörð.

Ég skildi það ekki hvernig á því gæti staðið. Og var lengi að fá útskýringar á því.

Og að Íslendingur skyldi hafa verið fyrstur að uppgötva það á jörðinni.

Já finnst mér sem móða komi yfir talfæri mín, margt sem ég vildi segja, verð að kveðja ykkur.

Getur þú sagt til þín?

Er eitthvað sem við getum gert í sambandinu til að auka sambandið?

Ég er, veit ekki, ég er Íslendingur, veit ekki.

Er stutt síðan þú fluttist?

Já, kona,

Heitir?

Ert þú nokkuð ættuð úr Borgarfirði, Reykholtssdal?

Nei, Keflavík.

Keflavík já.

Anna Guðrún,

Anna Guðrún já, sæl vertu

Velkomin.

Já þetta er bara mjög áhugavert sem þú ert búin að segja okkur, þakka þér fyrir að koma.

Já, ég Sigurðardóttir, reyni að koma síðar.

Verið þið sælir.

Þakka þér fyrir að koma vertu velkomin aftur.